

Alþingi
V.t. Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem lagt var fram á Alþingi þann 5. desember 2001

Hér að aftan er að finna ábendingar og athugasemdir Deloitte & Touche hf. vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem lagt var fram á Alþingi þann 5. desember 2001. Um er að ræða frumvarp þar sem lagt er til að íslenskum rekstraraðilum verði heimilað að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Í frumvarpinu kemur fram sú óundanþæga regla að fjárhæðir í bókhaldsbókum skuli vera í íslenskum krónum. Þetta á einnig við þegar heimild hefur fengist til að haga bókhaldi og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Í athugasemdum við frumvarpið koma fram ástæður þessa, sem eru þær að ekki verði heimiluð skattskil í erlendri mynt. Rökstuðningur fyrir því að ekki verði heimiluð skattskil í erlendri mynt er einkum sá að slíkt geti valdið verulegum mismun á tekjuskattsstofni eftir því hvort hann byggist á reikingskilum sem gerð eru í íslenskum krónum eða í erlendum gjaldmiðli. Með því skapist það ástand að skattaleg staða íslenskra félaga geti verið innbyrðis ólík og mismunur skapist milli fyrirtækja sem að öðru leyti búa við sömu skilyrði.

Það er semsagt hættan á þessari mismunun sem veldur því að lagt er til að félögin verði skyldug til þess að færa tvöfalt bókhald ef þau á annað borð óska eftir því að færa bókhald í erlendri mynt. Í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins er þetta sagt vera lítilsháttar óhagræði þar sem flest stærri bókhaldskerfi hafi þann möguleika að færa bókhald í tveimur gjaldmiðlum. Þetta stangast á við þær upplýsingar sem Deloitte & Touche hf. hefur fengið frá hugbúnaðarfyrirtækjum, sem almennt selja bókhaldskerfi til rekstraraðila, og er efnahags- og viðskiptanefnd hvött til þess að kanna þetta nánar.

Það er að vísu rétt að bókhaldskerfin geta almennt haldið utanum upphæðir í tveimur myntum. Kerfin geta hins vegar ekki án breytinga bókað mismunandi gengismun fyrir hvora mynt fyrir sig þannig að ekki verður hjá því komist að færa bókhaldið að vissu marki tvívegis. Þetta er því mikið óhagræði sem felur bæði í sér mikla viðbótarvinnu og eykur hættuna á villum. Það verður ekki séð að rök séu til þess að ganga þurfi svo langt að fyrir verði að liggja bókhald í íslenskri mynt eingöngu til

Þess að ekki komi til mismunandi skattlagningar á rekstrarniðurstöðu miðað við færslu í íslenskri eða erlendri mynt.

Það er ekki óeðlilegt að daggengi sé fyrir hendi í kerfunum þar sem hver færsla geti verið færð yfir í íslenskar krónur. Hins vegar er of langt gengið þegar félög, sem færa bókhaldið í erlendri mynt, þurfa að fara að reikna sérstakan gengismun á öll erlendu lánin og hver innkaup. Í þessu sambandi mætti líta til framkvæmdar í Danmörku þar sem nægjanlegt er að fyrir liggi daggengi er reikni einstakar færslur yfir danskar krónur úr grunnmyntinni, en ekki er gerð sú krafa að allt bókhaldið sé fært í dönskum krónum einnig.

Þau rök sem færð eru fyrir þessu og varða innbyrðis mismunun sem komið geti upp og kemur í raun sjálfkrafa upp ætti ekki að standa í vegi fyrir þessu. Það er ekki óeðlilegt að þessi mismunur verði á milli aðila. Þau fyrirtæki sem ákveða að færa bókhald sitt í hinni erlendu mynt taka á sig ákveðna gengisáhættu með því og geta þurft að greiða hærri skatt í íslenskum krónum vegna þess. Með því myndi einnig myndast samræmi í afkomu félaganna samkvæmt ársreikningi þeirra og skattbyrðinnar, sem hlýtur að teljast eðlilegt. Þetta er ákveðin gengisáætta á sama hátt og hjá fyrirtækjum sem almennt hafa tekið gengisáhættu með erlendum lántökum. Slík gengisáhætta hefur getað valdið sveiflum þannig að rekstrarhagnaður hefur orðið meiri eða minni en ella vegna gengis íslensku krónunnar. Almennt séð verður þó að gera ráð fyrir að slíkar sveiflur jafnist út til lengri tíma litið. Það sem mestu máli skiptir er að fyrirtækin sem færu þessa leið væru að gera þetta vitandi vits, þ.e. að skattlagning þeirra gæti orðið hærri í íslenskum krónum talið og að fyrirtæki sem ekki vilja fara þessa leið eða ekki geta það vita einnig af þessu. Það sem er mest um vert hér er að allir aðilar sem eins er ástatt um eru skattlagðir á sambærilegan hátt og því ekki um mismunun að ræða frekar en önnur atriði sem leiða til lækkunar skatta eða eftir atvikum hækkunar og eiga eingöngu við um suma rekstraraðila en ekki aðra. Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu felur það í sér að hlutfall álagðs tekjuskatts í erlendri mynt af tekjum í erlendri mynt gæti orðið mun lægri en 18% eitt árið og mun hærri en 18% það næsta. Þetta væri nokkuð sem skýra þyrfti sérstaklega fyrir erlendum fjárfestum, en eins og áður sagði er eitt af markmiðum frumvarpsins að bæta aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum.

Hér mætti leggja til að í stað þess að þurfa að gera jafnframt upp í íslenskum krónum, til þess að fá skattstofnin fram í íslenskum krónum eins og ekki hafi verið fært bókhald í erlendri mynt, væri hið erlenda uppgjör látið gilda með þeirri rekstrarniðurstöðu sem það fæli í sér í hinni erlendu mynt. Í lok árs er því til staðar tekjuskattstofn í erlendri mynt og einnig eignarskattstofn í erlendri mynt. Þessar fjárhæðir er síðan hægt að reikna yfir í íslenskar krónur til að ákveða greiðslu skatts og mætti tekjuskattstofninn vera reiknaður á meðalgengi ársins á meðan eðlilegra væri að eignarskattstofninn væri reiknaður á lokagengi ársins. Með þessu væri fylgt þeim almennt viðurkenndu sjónarmiðum að skattlagning byggji á rekstrarniðurstöðu er fram komi í ársreikningi, að visu að gerðum sérstökum skattalegum færslum. Hin leiðin að færa sérstak skattabókhald í íslenskri mynt gerir það hins vegar að verkum að við skattlagningu er ekki lengur byggt á raunverulegri afkomu rekstraraðilans samkvæmt ársreikningi hans.


Varðandi samanburðarrökin má benda á að fordæmi eru fyrir því í skattlagningu hérlendis að sérstök lög séu sett er gera það að verkum að tvö fyrirtæki, er að öðru


leyti getur verið eins ástatt fyrir, séu ekki skattlögð á sambærilegan hátt. Hér er t.d. verið að tala um lög nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, þar sem fram kemur að félagið greiðir 33% tekjuskatt og hefur frádráttarliði sem aðrir rekstraraðilar hérlendis njóta ekki auk þess að vera undanþegið eignarskatti.

Með þessum lögum er verið að gera félögum kleift að færa bækur sínar í erlendri mynt til þess að fá fjárhagslegan samanburð við erlenda samkeppnisaðila, minnka sveiflur í afkomu vegna gengisbreytinga, laga aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana, auðvelda erlendum aðilum að stofna og reka dótturfélög hérlendis og auðvelda íslenskum aðilum að stofna og reka dótturfélög erlendis. Það er mikilsvert að þessi breyting, sem eins og sjá má af þessari upptalningu er til mikilla hagsbóta, sé gerð á þann hátt að hún valdi þeim sem ákveða að nýta sér heimildina sem minnstu óhagræði eða viðbótarvinnu. Færsla bókhalds með tveimur grunnjaldmiðlum er ekki til þess fallin að auðvelda framkvæmd laganna og væri til bóta að sú skylda væri felld niður.

Að því er varðar 5. gr. frumvarpsins, sem tekur til þess hvaða aðilar geti sótt um heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli má benda á að ákvæðið er þess efnis að það er til þess fallið að valda deilum í framkvæmd, þó það fari að sjálfsögðu eftir því hvernig ákvæðinu muni verða beitt. Ströng túlkun ákvæðisins væri þó vissulega til þess fallin að valda slíkum deilum. Hér er átt við að þau viðmið sem sett eru í ákvæðinu eru matskennd eins og “meginstarfsemi”, “verulegur hluti viðskipta”, “veruleg tengsl félags við tiltekinn gjaldmiðil” og “verulegur hluti fjárfestinga” eru allt matskenndar lýsingar sem án nánari skilgreininga eru til þess fallnar að valda deilu á milli ársreikningarskrár og umsóknaraðila ef um synjun fyrir heimild til færslu bókhalds í erlendri mynt verður að ræða. Að vísu er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um skilyrði fyrir veitingu heimildarinnar en skýrara og betra væri að slíkar reglur væri að finna í lagatextanum sjálfum. Ákvæðið er það almennt orðað að einungis er um að ræða almennar leiðbeiningarreglur en raunveruleg reglusetning er sett í hendur ráðherra, sem er ekki heppilegt eða æskilegt þegar um er að ræða atriði er varða rekstraraðila svo miklu máli eins og hér er. Eins og áður sagði yrði þetta einungis vandamál ef túlkun ákvæðisins yrði þröng þannig að aðilum er sæktust eftir að fá að færa bókhald í erlendri mynt yrði synjað um það á grundvelli ákvæðisins. Hins vegar kemur ekki fram í frumvarpinu eða athugasemdum þess hvort leitast skuli við að fylgja þessum skilyrðum strangt eftir eða hvort þetta séu fyrst og fremst atriði til leiðbeiningar. Ekki kemur fram hvort beita eigi reglunum strangt þannig að ekki komi til að fyrirtæki sem ekki fullnægja hinum óljósu skilyrðum fullkomlega fái heimildina eða hvaða hættur fylgi því að það gerist.

Virðingarfyllst,
Deloitte & Touche hf.


Knútur Þórhallsson, endurskoðandi
Yfirmaður reikningsskilasviðs


Arni Harðarson, hdl.
yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs

Reykjavík 13. febrúar, 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál.

Að beiðni yðar vil ég leyfa mér að koma með eftirfarandi umsögn um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið er gott framtak en að mínu mati nær það ekki tilgangi sínum óbreytt.

Ég hef starfað lengi við endurskoðun og ráðgjöf og haft vaxandi samskipti við erlenda aðila. Ég starfa nú fyrir nokkur fyrirtæki í erlendri eigu sem hafa kosið að hafa höfuðstöðvar á Íslandi en starfsemina í Sviss. Fleiri slík félög hafa áhuga á að koma til Íslands. Þessi áhugi er háður því að bókhald, ársreikningar og skattlagning sé í þeirri mynt sem starfsemi þeirra fer fram í, oftast bandaríkjadöllum. Þessi félög greiða talsverðar fjárhæðir í formi skatts og virðisaukaskatts til íslenska ríkisins og munu greiða verulegar fjárhæðir í formi staðgreiðsluskatts af arði í framtíðinni.

Bókhald, ársreikningur og skattlagning í einni grunnmynt

Ég er ósammála því að bókhald sé fært í fleiri en einni grunnmynt en það er jafnframt tæknilegum örðugleikum bundið. Því atriði þarf að breyta í frumvarpinu. Einnig er mikilvægt að skattlagning miðist við starfrækslugjaldmiðil, til að gæta jafnræðis við félög sem hafa starfrækslugjaldmiðilinn íslensku krónuna. Hins vegar mætti hugsanlega þrengja ákvæði 11.gr. A og miða fyrst og fremst við félög sem hafa starfrækslugjaldmiðil í erlendri mynt af hvaða ástæðum sem það kann að vera.

Skattlagning

Erlendir fjárfestar leggja áætlanir fram í tímann um viðskipti sín og vilja að þær standist. Félög í erlendri eigu vilja oftast láta skattleggja sig í sinni starfrækslumynt, jafnvel þó það þýði hærri skattlagningu. Sama á væntanlega við um íslensk félög, sem starfa í erlendum gjaldmiðli. Ef starfsemi félags er í erlendri mynt er það ójafnræði að skattleggja í íslenskri mynt, þar eð íslensk fyrirtæki sem nota íslensku krónuna í sínum viðskiptum eru skattlögð í sömu mynt og þau starfa í. Eins og fram kemur í umsögn með breytingatillögum heimilar Sviss skattlagningu miðað við erlendu myntina. Sama er að segja um Holland og væntanlega Bretland. Fleiri dæmi

má eflaust nefna. Er þá að jafnaði notað meðalgengi ársins við yfirfærslu frá rekstrarreikningi og lokagengi ársins við yfirfærslu efnahagsreiknings í skattskýrslu.

Endurgreiðsla hlutfjár

Forsenda fyrir því að fjárfesta hér er að geta tekið sömu fjárhæð hlutfjár í innborgunarmynt út án skattlagningar og greidd var inn sem hlutfé. Óásættanlegt er að skattleggjast af gengisbreytingu á innborguðu hlutfé eins og núverandi lög gera ráð fyrir eftir breytingu í desember 1998. Sem dæmi má nefna:

Tveir af þeim aðilum sem ég starfa fyrir greiddu 874 milljónir bandaríkjadala í hlutfé á árinu 1998 fyrir ofangreinda lagabreytingu sem tók verðtryggingu af hlutfé. Ef þeir vildu greiða sér þessa sömu dollarafjárhæð út í hlutfé á gengi miðað við árslok 2001 þyrftu þeir að greiða 1,4 milljarða íslenskra króna í staðgreiðsluskatt. Þetta gerist þar sem litið er á gengisbreytingu hlutfjár sem arðgreiðslu, þótt ekki sé verið að hagnast þar sem einungis er verið að fá sömu dollarafjárhæð til baka og lögð var inn. Ef þetta spyrst út í þessum tiltölulega litla heimi skattsérfræðinga alþjóðlegra stórfyrirtækja er það nokkuð ljóst að Íslendingar geta ekki gert ráð fyrir að fá hingað erlenda fjárfesta. Þau fyrirtæki sem nú þegar eru hingað komin gera sér miklar vonir um breytingar með frumvarpi þessu ef meðfylgjandi breytingartillögur ná fram að ganga.

Laða að erlenda fjárfesta


Yfirlýstur vilji stjórnvalda hefur verið að laða að erlenda fjárfesta. Ef það á að takast þarf að skapa umhverfi, sem erlendir fjárfestar geta sætt sig við.

Við erum lítil en sterk þjóð og eigum að vera óhrædd við að vera í fararbroddi. Önnur ríki hafa hagrætt verulega til að laða að fjárfesta. Má þar benda á Írland, Sviss, Danmörku auk fjölmargra annarra ríkja, ekki síst smáríkja eins og Íslands.

Umsögn mín er fyrst og fremst í formi **meðfylgjandi breytingatillagna** á frumvarpi og athugasemdir við hverja breytingatillögu og síðan í formi frumvarps aðlöguðu að breytingatillögunum.

Ég óska jafnframt eftir af fá að koma á fund háttvirtrar Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og færa betur rök fyrir tillögum mínum.

Yfirdingarfyllst,


Erna Bryndís Halldórsdóttir
Löggiltur endurskoðandi

**Unnið af: Ernu Bryndísi Halldórsdóttur, löggiltum endurskoðanda, Hyrnu ehf.,
Kristrúnu H. Ingólfssdóttur, löggiltum endurskoðanda, KPMG hf.
og Völu Valtýsdóttur hdl, Taxis hf.**

**TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á FRUMVARPI TIL BREYTINGA Á
LÖGUM NR. 145/1994 UM BÓKHALD, 144/1994 UM ÁRSREIKNINGA OG
75/1981 UM TEKJUSKATT OG EIGNARSKATT**

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 10. gr. A verði svohljóðandi:

Hjá félögum sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skulu bókhaldsbækur virðisaukaskattsskyldrar starfsemi, sem fer fram á Íslandi, jafnframt vera færðar í íslenskum krónum. Virðisaukaskattsskyldum aðilum er þrátt fyrir framangreint heimilt að færa bókhald og semja ársreikning eingöngu í erlendum gjaldmiðli ef sýnt er fram á að enginn gengismunur verði á fjárhæðum innheimts eða frádregins virðisaukaskatts. Ráðherra er heimilt að setja frekari framkvæmdareglur um ákvæðið.

2. gr.

Orðin: „í allt að sex mánuði“ í 1. másl. 2. mgr. 20. gr. falli niður.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

3. gr.

- a) Í stað orðanna: „lokagengi ársins“ í 1. mgr. 90. gr. laganna komi: lokagengi þess árs.
- b) Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir 1. mgr. er þeim félögum sem þar er um rætt heimilt að nota upphaflegt gengi við umreikning fastafjármuna og hlutafjár til að mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli. Í þessum tilvikum skal ekki framreikna kostnaðarverð.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
nr. 75/1981, með síðari breytingum.**

4. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 91. gr. laganna koma 3 nýir málsliðir sem orðast svo:
Fjárhæðir í skýrslu félags sem heimild hefur til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, sbr. 3. mgr. 10. gr. A laga um bókhald, skulu byggðar á bókhaldi í erlendum gjaldmiðli eða á bókhaldi í íslenskum krónum. Fjárhæðir bókhalds í erlendum gjaldmiðli skulu umreiknaðar með eftirfarandi hætti: Fjárhæðir í rekstrarreikningi á meðalgengi reikningshaldsmyntar á árinu og fjárhæðir efnahagsreiknings á lokagengi

reikningsársins. Félög noti að þessu leyti að jafnaði sömu aðferð við gerð skattskýrslu enda séu uppfyllt ákvæði 11. gr. B laga um ársreikninga.

5. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Við félagsslit eða lækkun hlutafjár í félagi sem heimilt er að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli sbr. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, sbr. 3. mgr. 10. gr. A laga um bókhald, telst kaupverð hluta vera upprunaleg greiðsla fyrir þá á gengi þess gjaldmiðils við úthlutun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr.

Hér er lagt til að einungis þurfi að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli þegar heimilað er reikningshald í erlendum gjaldmiðli enda óeðlilegt að krefjast jafnframt bókhalds í íslenskum krónum. Undantekning er hér gerð vegna aðila í virðisaukaskattsskyldri starfsemi því tæknilegir örðugleikar geta valdið því að erfitt væri að stemma af virðisaukaskatt ef bókhald er fært í erlendum gjaldmiðli. Þó er rétt að gefa þessum aðilum kost á þessum möguleika með því skilyrði að skattyfirvöld geti treyst því að afstemmingar verði mögulegar.

Til frekari upplýsinga skal tekið fram að í Sviss er heimilt að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, svo sem bandaríkjadöllum eða evrum. Þar er ekki skylt að færa bókhald jafnframt í svissneskum frönskum.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að tekinn verði af allur vafi um það að bókhaldsgögn séu varðveitt þar sem starfsemi er stunduð. Ef starfsstöð íslensks félags er hinsvegar erlendis þykir rétt að yfirvöld hér geti krafist aðgangs að þeim hér á landi og þau afhent þeim innan hæfilegs frests.

Um 3. gr.

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilavenjum er notað upprunalegt gengi á fastafjármuni og hlutafé. Rétt þykir því að útiloka ekki að farið sé að alþjóða reikningsskilavenjum.

Um 4. gr.

Lagt er til að ákvæði skattalaga séu aðlöguð heimildum í lögum nr. 145/1994, um bókhald, og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, um að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli. Til þess að breytingatillögur á framangreindum lögum nái tilætluðum árangri verður að lágmarka tvíverknað eins og hægt er. Með þessari breytingartillögu er reynt að nálgast tilganginn.

Að sjálfsögðu er hér einungis um heimild en ekki skyldu að ræða og geta því skattaðilar valið að færa einnig bókhald og telja fram í íslenskum krónum.

Eins og áður sagði í athugasemdum við 1. gr. er heimilt í Sviss að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Þar er almenna reglan að styðjast við góða reikningsskilavenju við umreikning fjárhæða sem settar eru á skattskýrslu. Oftast eru

fjárhæðir í rekstrarreikningi umreiknaðar á meðalgengi reikningshaldsmyntar á árinu en fjárhæðir efnahagsreiknings á lokagengi reikningsársins.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði eins og ákvæði 4. gr. er nauðsynlegt til að tillögurnar í heild nái tilætluðum árangri eins og áður segir. Til frekari skýringar skal bent á að aðstaðan er sú í dag að þegar hlutafé er greitt inn í erlendri mynt af erlendum fjárfestum hafa gengisbreytingar veruleg áhrif á þá fjárhæð sem er úthlutað til hluthafa síðar ef starfsemin fer fram að mestu erlendis og viðskipti eru stunduð í erlendum gjaldmiðli. Því þykir eðlilegt að þessum aðilum sé tryggt að þeir greiði ekki arð af þeim gengismun sem gæti orðið vegna umreiknings í íslenskar krónur. Fjárfestarnir eru ekki að hagnast þegar þeir lækka hlutafé um sömu fjárhæð í erlendri mynt og þeir lögðu fram sem innbargað hlutafé en þrátt fyrir það getur myndast veruleg skattkvöð vegna gengisbreytinga miðað við núverandi lög. Til að Ísland verði traustvekjandi fjárfestingakostur þarf að vera tryggt að unnt sé að fá sömu fjárhæð í erlendri mynt og fram var lagt í hlutafé án skattlagningar.

Frumvarp til laga lagfært að breytingartillögum

um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

1. gr.

7. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. A, svohljóðandi:

Bókhaldsbækur skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjár hæðir í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög, skv. 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, fengið heimild til að færa fjárhæðir í bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um ársreikninga. Texti í bókhaldsbókunum skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

Hjá félögum sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skulu bókhaldsbækur virðisaukaskattsskyldrar starfsemi, sem fer fram á Íslandi, jafnframt vera færðar í íslenskum krónum. Virðisaukaskattsskyldum aðilum er þrátt fyrir framangreint heimilt að færa bókhald og semja ársreikning eingöngu í erlendum gjaldmiðli ef sýnt er fram á að enginn gengismunur verði á fjárhæðum innheimts eða fráðregins virðisaukaskatts. Ráðherra er heimilt að setja frekari framkvæmdareglur um ákvæðið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, heimilt að varðveita gögn skv. 1. mgr. á starfsstöð erlendis. Yfirvöld geta þó krafist aðgangs að þeim hér á landi og skal þeim þá skilað innan hæfilegs

tíma. Bókhaldsgögn, sem eru á rafrænu formi, skulu ætíð vera aðgengileg yfirvöldum.

b. 3. mgr. orðast svo:

Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að yfirfæra bókhaldsgögnin á nýjan tölvutækan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög, sbr. 1. mgr. 1. gr., fengið heimild til að færa bók haldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikning í þeim gjaldmiðli. Birti félag ársreikning sinn jafnframt í íslenskum krónum skal í skýringum geta um hvaða aðferðum er beitt við samningu ársreikningsins. Texti ársreiknings hjá félagi sem heimild hefur til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendri mynt skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

5. gr.

Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (11. gr. A)

Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Félög sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða geta sótt um slíka heimild:

1. Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendra félagasamstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.

2. Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginstarfsemi þeirra er erlendis.

3. Félög, sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi, en eru með verulegan hluta viðskipta í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

4. Félög, sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna og skulda þeim tengdum skráðan í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr. laganna.

Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem meginhluti viðskipta félags eða félagasam stæðu fara fram í. Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða við skiptabanka félagsins hér á landi.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

b. (11. gr. B)

Umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skal berast ársreikningaskrá tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs.

Félag sem fengið hefur heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skv. 2. mgr. 11. gr. skal viðhalda þeirri aðferð í að minnsta kosti fimm ár nema það uppfylli ekki lengur skilyrði 11. gr. A.

Telji félag sig ekki lengur uppfylla skilyrði 11. gr. A ber því að tilkynna ársreikningaskrá um það. Að fenginni heimild ársreikningaskrár skal það færa

bókhald sitt og semja ársreikning í íslenskum krónum miðað við næsta reikningsár.

Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með því að félög sem fengið hafi heimild skv. 1. mgr. uppfylli skilyrði 11. gr. A, sbr. 78. gr. þessara laga.

Uppfylli félag ekki skilyrði 11. gr. A skal ársreikningaskrá afturkalla heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli við upphaf næsta reikningsárs. Ársreikningaskrá getur veitt félagi frest í tvö reikningsár telji hún ástandið tímabundið.

6. gr.

90. gr. laganna orðast svo:

Félög sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr., skulu umreikna fjárhæðir efnahagsreiknings fyrra árs á lokagengi þess árs og mynda þær fjárhæðir upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli. *Þrátt fyrir 1. mgr. er þeim félögum sem þar er um rætt heimilt að nota upphaflegt gengi við umreikning fastafjármuna og hlutafjár til að mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli. Í þessum tilvikum skal ekki framreikna kostnaðarverð*

7. gr.

Við lög in bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Félög, sem óska eftir að færa bókhald og semja ársreikning vegna reikningsársins 2002 í erlendum gjaldmiðli, hafa frest til 28. febrúar 2002 til að sækja um slíka heimild.

III. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

8. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna kemur nýr málslíður sem orðast svo:

Fjárhæðir í skýrslu félags sem heimild hefur til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, sbr. 3. mgr. 10. gr. A laga um bókhald, skulu byggðar á bókhaldi í erlendum gjaldmiðli eða á bókhaldi í íslenskum krónum. Fjárhæðir bókhalds í erlendum gjaldmiðli skulu umreiknaðar með eftirfarandi hætti: Fjárhæðir í rekstrarreikningi á meðalgengi reikningshaldsmyntar á árinu og fjárhæðir efnahagsreiknings á lokagengi reikningsársins. Félög noti að þessu leyti að jafnaði sömu aðferð við gerð skattskýrslu enda séu uppfyllt ákvæði 11. gr. B laga um ársreikninga.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Við félagsslit eða lækkun hlutafjár í félagi sem heimilt er að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli sbr. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, sbr. 3. mgr. 10. gr. A laga um bókhald, telst kaupverð hluta vera upprunaleg greiðsla fyrir þá á gengi þess gjaldmiðils við úthlutun.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 127/690
komudagur 13.2.2002

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 13. febrúar 2002

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara,
Alþingi
150 Reykjavík**

Málefni: Frumvarp til laga um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál.

Með bréfi dags. 1. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók Álitsnefnd málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu ásamt tilheyrandi greinargerð Reikningsskilanefndar félagsins.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerðir.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Guðmundur Snorrason
formaður FLE

Álitsnefnd
Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík 13. febrúar 2002

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Guðmundur Snorrason formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Að fenginni umsögn reikningsskilanefndar FLE tók álitsnefnd FLE málið fyrir á fundi sínum í dag.


Álitsnefnd FLE samþykkir fyrir sitt leyti umsögn reikningsskilanefndar á frumvarpinu. Því til viðbótar vill álitsnefnd koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Álitsnefnd FLE telur ýmsum vandkvæðum bundið að félög sem fá heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli þurfi jafnframt að færa bókhald í íslenskum krónum. Það er því álit nefndarinnar að falla skuli frá því skilyrði að færa bókhald í íslenskum krónum. Verði niðurstaðan sú er ljóst að huga þarf að ýmsum ákvæðum skattalaga, s.s. varðandi söluhagnað, arðgreiðslur, lækkun hlutafjár o.fl. Ennfremur þyrfti að huga að skráningu hlutafjár skv. hlutafélagalögum.

Þá vill álitsnefnd benda á að í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins kemur fram að heimildin nái ekki til félaga með ótakmarkaðri ábyrgð en það er ekki í samræmi við 1. mgr. 1. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA


Guðmundur Snorrason
Jóna H. Gunnarsdóttir
Alfreður Snorrason
Minn H 54 68 22

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Umsögn Reikningsskilanefndar FLE um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Í 2.gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þau félög sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skuli jafnframt færa bækur sínar í íslenskum krónum. Ástæðan mun vera sú að skattskil verða ekki heimiluð í erlendum gjaldmiðli vegna þess mismunar sem getur orðið á tekjuskattsstofni eftir því hvort gert er upp í íslenskum krónum eða í erlendum gjaldmiðli.

Reikningsskilnefnd FLE leggur til að sú breyting verði gerð á frumvarpinu að árreikningur í erlendri mynt verði lagður til grundvallar skattskilum þeirra félaga sem fá ofangreinda heimild. Tekjuskattsstofninn verði reiknaður á meðalgengi uppgjörsársins en eignarskattsstofninn á lokagengi ársins.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þau félög sem fá heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli viðhaldi þeirri aðferð í a.m.k. fimm ár nema það uppfylli ekki lengur skilyrðin sem sett eru fyrir heimildinni. Þetta ætti að tryggja að félög sem sækjast eftir heimildinni geti ekki skipt um aðferð eftir því hvað hentar best hverju sinni. Ómögulegt er fyrir félög að spá fyrir um það hvort afkoma þeirra verður betri eða verri samkvæmt ársreikningi í erlendum gjaldmiðli eða í íslenskum krónum, þegar sótt er um heimildina. Þess vegna eru félög sem sækja um heimildina að taka á sig áhættuna af því að betri afkoma í erlendum gjaldmiðli leiði af sér hærri skattgreiðslur. Ríkssjóður ætti ekki að skaðast af þessari breytingu þar sem gera má ráð fyrir að afkomusveiflur jafni sig til langs tíma litið.

Æskilegt er að sem mest samræmi sé á milli afkomu félaga og skattskila þó alltaf sé hægt að gera ráð fyrir einhverju ósamræmi. Með því að heimila ekki skattskil á grundvelli ársreiknings í erlendum gjaldmiðli er ljóst að verulegt misræmi getur myndast á milli afkomu samkvæmt ársreikningi og skattalegrar niðurstöðu. Þetta leiðir til þess að tekjuskattur getur orðið mun hærri en 18% af hagnaði fyrir skatta eitt árið en mun lægri næsta ár. Þetta kallar á sérstakar útskýringar með ársreikningnum, sérstaklega fyrir erlenda lesendur ársreikninga íslenskra félaga sem fá heimildina.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að félögum sem fá heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli verði heimilað að varðveita bókhaldsgögn á starfsstöð erlendis í allt að sex mánuði. Ekki verður séð að þörf sé á takmörkunum á því hve lengi heimilt verði að varðveita bókhaldsgögn í erlendum starfsstöðvum félaga. Nægja ætti ákvæði um að yfirvöld geti krafist aðgangs að bókhaldsgögnum og að þeim sé skilað innan hæfilegs tíma verði eftir því leitað af yfirvöldum.

Í 5. gr. frumvarpsins eru tíunduð þau skilyrði sem félög þurfa að uppfylla til að geta sótt um heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Hér hlýtur að vera um ónákvæmni í orðalagi að ræða. Að sjálfsögðu hljóta öll félög að geta sótt um heimildina en aðeins þau sem uppfylla skilyrðin fá heimildina. Auk þess er ástæða til að hugleiða hvort ársreikningaskrá sé rétti aðilinn til að veita heimildina. Reikningsskilanefnd FLE telur eðlilegra að fjármálaráðherra veiti heimildina þó ársreikningaskrá verði e.t.v. falið að fylgjast með því hvort félög uppfylli skilyrðin. Lagt er til að 2. ml. 1. mgr. 11. gr. A verði svohljóðandi; *Fjármálaráðherra skal veita þeim félögum sem uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða slíka heimild.*

Að áliti reikningsskilnefndar FLE eru þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu heimildar of matskennd og opin. Betur færi á að skilyrðin væru nánar skilgreind í lagatextanum. Er hér t.d. átt við að ekki er skilgreint hvenær meginstarfsemi telst fara fram erlendis, hvað telst vera verulegur hluti viðskipa og hvað telst vera verulegur hluti fjárfestinga og skulda. Einnig vantar nánari skilgreiningu á því hvaða gjaldmiðill telst vera starfrækslugjaldmiðill. Eins og frumvarpið liggur fyrir geta flest íslensk félög hugsanlega fengið heimildina. Það fer reyndar eftir því hvernig

ofangreind skilyrði verða skilgreind. Þetta er ekki í samræmi við þann tilgang sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, þ.e.a.s. að gera íslensk fyrirtæki samkeppnishæf í vaxandi samkeppni á alþjóðlegum markaði. Skilyrðin þurfa að vera þannig að heimildin nái aðeins til þeirra félaga sem eru í alþjóðlegri samkeppni.

Lagt er til að orðalagsbreyting verði gerð á 6. gr. frumvarpsins þannig að í stað orðanna *lokagengi ársins* komi *lokagengi þess árs*.

Reykjavík, 13. febrúar 2002

Reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 127/784
komudagur 19.2.2002

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 19. febrúar 2002.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og lögum um tekjuskatt og eignarskatt og iögum um tekjuskatt og eignarskatt. 127. löggjafarþing 2001–2002. 347. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 1. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og telur ekki ástæðu til þess að tjá sig um efni þess þar sem það er fyrst og fremst á sviði ársreikninga, endurskoðunar og bókhalds, en síður lagatæknilegs eðlis.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/794
komudagur 19.2.2002

T A X I S

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

skattar
ráðgjöf
alþjóðatengsl

Reykjavík 19. febrúar, 2002

Umsögn um mál nr. 347, frumvarp til laga um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt.

Að gefnu tilefni vill lögmannsstofan Taxis hf. koma að eftirfarandi athugasemdum um ofangreint frumvarp.

I. Almenn

Í almennum athugasemdum við frumvarp til breytinga á ýmsum skattalögum sem lagt var fram á yfirstandandi þingi (þingmál nr. 114) kemur m.a. fram: „Jafnframt er á döfnni að heimila fyrirtækjum að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt frá 1. janúar 2002 að uppfylltum tilteknum skilyrðum.“ Síðan er sagt að frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir Alþingi á næstunni. umrætt frumvarp var því hugsað sem hluti af skattapakka ríkisstjórnarinnar. Þrátt fyrir þetta hefur frumvarpið í þeirri mynd sem það er nú engin áhrif skattalega. Þeir sem höfðu eitthvað skoðað þessi mál töldu að tilgangurinn væri augljós, þ.e. að með færslu bókhalds og ársreiknings í erlendum gjaldmiðli yrði komið í veg fyrir gengisáhættu þeirra sem ættu viðskipti sín nær eingöngu í erlendum gjaldmiðli. Ljóst er af lestri frumvarpsins að þessum tilgangi hefur ekki verið náð og betra heima setið en af stað farið.

Einnig er mikilvægt að skattlagning miðist við starfrækslugjaldmiðil, til að gæta jafnræðis við félög sem hafa starfrækslugjaldmiðilinn íslensku krónuna. Hins vegar mætti hugsanlega þrengja ákvæði 11. gr. A og miða fyrst og fremst við félög sem hafa starfrækslugjaldmiðil í erlendri mynt af hvaða ástæðum sem það kann að vera þ.e. í erlendri eigu, starfsemi erlendis eða viðskipti fyrst og fremst í erlendri mynt.

II. Athugasemdir og tillögur

Frv. til breytinga á lögum nr. 145/1994, um bókhald,

v/ 3. mgr. 10. gr. A - 2. gr. frumvarpsins

Athugasemd:

Það er alveg ljóst að í dag er bókhaldsskyldum aðílum heimilt að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli enda færi þeir það jafnframt í íslenskum krónum. Hér er því ekki um neina breytingu að ræða nema þá að nú er lagt til að sækja beri sérstaklega um slíka bókfærslu. Frumvarpið skiptir hvorki bókhaldslega né skattalega máli og er það miður því talið var í upphafi að tilgangur frumvarpsins yrði sá að forða þeim sem skipta í erlendum gjaldmiðli frá gengisáhættu.

Tillaga

Lagt er til að einungis þurfi að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli þegar heimilað er reikningshald í erlendum gjaldmiðli enda óeðlilegt að krefjast jafnframt bókhalds í íslenskum krónum.

v/ 1. másl. 2. mgr. 20. gr. - 3. gr. frumvarpsins***Athugasemd:***

Furðu veur að í 3. gr. frumvarpsins er látið að því liggja að bókhald erlendra starfsstöðvar, hvort sem það er í formi útibús eða dótturfélags, hafi hingað til borið að geyma á Íslandi. Vegna þessa misskilnings er lagt til að þeim félögum sem fá heimild til að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli verði heimilað að varðveita bókhaldið á hinni erlendu starfsstöð í allt að sex mánuði frá þeim mánuði sem þau eru gefin út. Auðvitað er íslenskum yfirvöldum heimilt, samkvæmt þeim sérlögum sem um þau gilda, s.s. skattyfirvöldum, að kalla eftir bókhaldsgögnum erlendra starfsstöðvar íslensks skráðs félags enda sé þar um að ræða starfsstöð sama lögaðila en t.d. ekki dótturfélag. Hins vegar er furðulegt að í íslensk lög sé sett ákvæði sem eiga að ganga framur lögum þess ríkis sem starfsstöðin er í. Alla vega myndi íslenskum skattyfirvöldum bregða í brún ef við skoðum á starfsstöð erlends félags hér á landi kæmi í ljós að allar bókhaldsbækurnar væru erlendis hjá höfuðstöðvunum af því að lög þess lands kvæðu á um það.

Tillaga

Ákvæðinu verði breytt þannig að almennt verði heimilt að varðveita bókhald á starfsstöð erlendis. Orðin: „í allt að sex mánuði“ í 1. másl. 2. mgr. 20. gr. falli niður.

Frv. til breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga**V/ 90. gr. ný málsgrein - 6. gr. frumvarpsins*****Athugasemd:***

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilavenjum er notað upprunalegt gengi á fastafjármuni og hlutafé.

Tillaga:

Lagt er til að þeim félögum sem heimilað verður að færa bókhald og ársreikning í starfsrækslugjaldmiðli verði heimilt að nota upphaflegt gengi við umreikning fastafjármuna og hlutafjár til að mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli. Í þessum tilvikum skal ekki framreikna kostnaðarverð.

Frv. til breyting á lögum, nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.**v/ 1. mgr. 91. gr. - 8. gr. frumvarpsins*****Athugasemd:***

Eins og áður segir þá verður að gera ráð fyrir breytingum á skattalögum samfara heimild til færslu bókhalds og ársreiknings í erlendum gjaldmiðli annars nær beytingin ekki tilgangi sínum. Almennt telja félög fram í þeirri mynt sem starfsemi þeirra er rekin, þ.e. íslensku krónunni. Því er eðlilegt að miða skattlagningu þeirra sem eiga viðskipti nær eingöngu í erlendri mynt við starfrækslugjaldmiðil til að gæta jafnræðis við félög sem hafa starfrækslugjaldmiðilinn íslensku krónuna.

Tillaga:

Lagt er til að ákvæði skattalaga séu aðlöguð heimildum í lögum nr. 145/1994, um bókhald, og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, um að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli. Til þess að breytingatillögur á framangreindum lögum nái tilætluðum árangri verður að lágmarka tvíverknað eins og hægt er en lagt til að hér verði um heimild en ekki skyldu að ræða og því geti skattaðilar valið að færa einnig bókhald og telja fram í íslenskum krónum.

Þar er almenna reglan að styðjast við góða reikningsskilavenju við umreikning fjárhæða sem settar eru á skattskýrslu. Oftast eru fjárhæðir í rekstrarreikningi umreiknaðar á meðalgengi reikningshaldsmyntar á árinu en fjárhæðir efnahagsreiknings á lokagengi reikningsársins.

Tillaga að breytingu þessa ákvæðis í frumvarpi er því eftirfarandi:

Fjárhæðir í skýrslu félags sem heimild hefur til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, sbr. 3. mgr. 10. gr. A laga um bókhald, skulu byggðar á bókhaldi í erlendum gjaldmiðli eða á bókhaldi í íslenskum krónum. Fjárhæðir bókhalds í erlendum gjaldmiðli skulu umreiknaðar með eftirfarandi hætti: Fjárhæðir í rekstrarreikningi á meðalgengi reikningshaldsmyntar á árinu og fjárhæðir efnahagsreiknings á lokagengi reikningsársins. Félag noti að þessu leyti að jafnaði sömu aðferð við gerð skattskýrslu enda séu uppfyllt ákvæði 11. gr. B laga um ársreikninga.

v/ 9. gr., ný málsgrein - ekki í frumvarpinu**Athugasemd:**

Til að frumvarpið nái tilætluðum árangri er nauðsynlegt að taka á því hvernig umreikna skuli arðsgreiðslur vegna gengisbreytinga þegar innborgað hlutfé hefur verið í erlendum gjaldmiðli. Til frekari skýringar skal bent á að aðstaðan er sú í dag að þegar hlutfé er greitt inn í erlendri mynt af erlendum fjárfestum hafa gengisbreytingar veruleg áhrif á þá fjárhæð sem er úthlutað til hluthafa síðar ef starfsemin fer fram að mestu erlendis og viðskipti eru stunduð í erlendum gjaldmiðli. Því þykir eðlilegt að þessum aðilum verði tryggt að þeir greiði ekki arð af þeim gengismun sem gæti orðið vegna umreiknings í íslenskar krónur. Það er ekki um að ræða raunhagnað fjárfesta þegar hlutfé er lækkað um sömu fjárhæð í erlendri mynt og upphaflega var lögð fram sem innborgað hlutfé. Miðað við núgildandi lög getur myndast veruleg skattkvöð vegna gengisbreytinga og er ekki gert ráð fyrir breytingum að þessu leyti í umræddu frumvarpi.


Tillaga:

Lagt er til að við 9. gr. tekjuskattslaga bætist ný málsgrein er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Við félagsslit eða lökkun hlutafjár í félagj sem heimilt er að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli sbr. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, sbr. 3. mgr. 10. gr. A laga um bókhald, telst kaupverð hluta vera upprunaleg greiðsla fyrir þá á gengi þess gjaldmiðils við úthlutun.

Taxis hf. vonast til að nefndin taki tillit til framangreindra athugasemda og tillagna við afgreiðslu frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Vala Valtýsdóttir, hdl.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. febrúar 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga til breytingar á lögum nr. 145/1994 um bókhald, lögum nr. 144/1994 um ársreikninga og lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum.


Með bréfi dags. 10. febrúar sl. er þess farið á leit við Reikningsskilaráð að það láti í ljós álit á ofangreindu frumvarpi. Umsögn ráðsins fylgir hér á eftir:

- 1) Í 4. gr. segir að í skýringum verði að geta um hvaða aðferðum er beitt til að umreikna reikningsskil í erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur. Með þessum hætti er gefið í skyn að nokkrar aðferðir séu í boði í þeim efnum. Svo er alls ekki. Samkvæmt viðurkenndum venjum er því þannig varið að reikningsskilum fyrirtækis, sem samin eru í starfrækslugjaldmiðli þess, skal umbreytt í annan gjaldmiðil eftir aðferð sem kennd er við núgildandi gengi (e. current rate method).
- 2) Í 5. gr. segir í lið a 1, að íslenskt félag sem er hluti af erlendri félagasamstæðu geti fengið heimild til þess að færa bókhald og semja reikningsskil í starfrækslugjaldmiðli hinnar erlendu félagasamstæðu. Sé því þannig varið að starfrækslugjaldmiðill hins íslenska félags er íslenska krónan, þá er engin ástæða til þess að veita þessa heimild.
- 3) Í 5. gr. segir í lið a 2, að félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginstarfsemi þeirra er erlendis mega færa bókhald og semja reikningsskil í erlendum gjaldmiðli. Ef meginstarfsemi í þessari setningu tekur til fyrst nefnda félagsins þá er heimildin eðlileg, annars ekki. Þess vegna er óþarfi að tilgreina erlend dótturfélög eða erlend hlutdeildarfélag sem skilyrði í þessu sambandi, því sé meginstarfsemi íslensks félags erlendis er ástæða til að ætla að starfrækslugjaldmiðill þess sé erlendir gjaldmiðill.
- 4) Í 5. gr. segir í lið a 4, að félög sem hafa verulega hluta fjárfestingar sinnar og skulda henni tengdri og skráðar í erlendum gjaldmiðli fái heimild til að halda bókhald og semja reikningsskil í erlendum gjaldmiðli. Mörg íslensk fyrirtæki nýta í rekstri sínum eignir sem keyptar eru erlendis frá og kjósa á stundum að fjármagna kaup á þeim eignum með erlendum lánnum; það eitt og sér gerir ekki hinn erlenda gjaldmiðil að starfrækslugjaldmiðli fyrirtækis. Sé hins vegar rekstrarumhverfi fyrirtækisins þannig, að það stundar reksturinn aðallega í íslenskum krónum, þá er engin sérstök ástæða til þess að veita slíku fyrirtæki umrædda heimild, þrátt fyrir að eignir hafi verið keyptar erlendis frá og fjármagnaðar með erlendum lánnum, enda er starfrækslugjaldmiðill þessa fyrirtækis íslenska krónan.

5) Í 8. gr. frumvarpsins segir, að félög sem heimild hafa fengið til að færa bókhald og semja reikningsskil í erlendum gjaldmiðli skuli eftir sem áður skila framtali í íslenskum krónum. Það er skoðun Reikningsskilaráðs að heimild til þess að halda bókhald og semja reikningsskil í erlendum gjaldmiðli eigi að takmarka við þau fyrirtæki sem stunda reksturinn í raun og veru í erlendum gjaldmiðli. Það að lán miðast við erlendan gjaldmiðil er eitt og sér alls ekki nægjanleg ástæða til þess að fá slíka heimild. Í þessu sambandi þarf fyrst og fremst að líta til þess hvernig tekju- og gjaldamyndun er í viðkomandi félagi, en einnig getur skipt máli að líta til fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og fjármögnunar á þeim. Sé því þannig varið að fyrirtæki stundar sinn rekstur í gjaldmiðli öðrum en íslensku krónunni, er hún vondur mælikvarði á frammistöðu fyrirtækisins í rekstrinum. Það eru aðalrökkin fyrir því að heimila að bókhald og reikningsskil séu samin í erlendum gjaldmiðli; afkomu- og efnahagsmælingin verður áreiðanlegri en ella væri og í meira samræmi við rekstur viðkomandi fyrirtækis. Með hliðsjón af þessu kemur mjög á óvart að ekki skuli eiga að leyfa þessum fyrirtækjum að greiða skatta samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt miðað við þá mælingu á afkomu og efnahag sem betur á við, þ.e. í hinum erlenda gjaldmiðli.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er möguleiki á því, að félag sem heimildina hefur fengið og með réttu, sýni góðan hagnað í hinu erlenda uppgjöri en tap í íslenska uppgjörinu til skatts og hið gagnstæða er einnig mögulegt. Slík niðurstaða er auðvitað fráleit. Vonandi er það tilgangurinn með lagasetningunni að innra bókhald fyrirtækis sem stundar rekstur í erlendum gjaldmiðli sé í samræmi við reikningsskil sem birt eru fjárfestum og öðrum notendum reikningsskila. En tilgangurinn hlýtur einnig að vera sá, að þessi fyrirtæki sem og erlend fyrirtæki, sem hingað kynnu að vilja koma og stunda hér rekstur og í erlendum gjaldmiðli, að þau sæti skattlagningu miðað við afkomumælingar og efnahagsmælingar í hinum erlenda gjaldmiðli. Annað fyrirkomulag sýnist stríða gegn þeim tilgangi frumvarpsins.

Með virðingu,



Fh Reikningsskilaráðs,
Stefán Svavarsson, formaður



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 127/793
komudagur 19. 2. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Dagsetning
19. febrúar 2002

Tilvísun
A-8
SÞ/bb

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 1. febrúar s.l. þar sem farið er fram á umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarp til laga um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál.

Í ofangreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á nefndum lögum í því skyni að heimila ákveðnum fyrirtækjum færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Í almennum athugasemdum við frumvarpið eru helstu sjónarmiðin að baki breytingartillögum þessum sögð vera þau að þær muni auðvelda fjárhagslegan samanburð við erlenda samkeppnisaðila. Ætlað er að þær dragi úr sveiflum á afkomu viðkomandi fyrirtækja vegna gengisbreytinga, og bæti til muna aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum

Ríkisendurskoðun telur ljóst að frumvarpið endurspegli að nokkru leyti alþjóðlega þróun á sviði reikningsskila á síðustu árum og sé í því ljósi eðlilegur þáttur í breytingum sem hafa að markmiði að ryðja burtu ýmiskonar viðskiptahindrunum. Frumvarpið felur engu að síður í sér grundvallarbreytingar á gildandi reglum um bókhald og reikningsskil.

Skilgreining frumvarpsins (a. liður 5. gr.) á því hvaða aðilum er gefinn kostur á því að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli er að mati Ríkisendurskoðunar of rúm. Að mati stofnunarinnar ætti einungis að gefa þeim fyrirtækjum sem hafa meginhluta viðskipta sinna í erlendum gjaldmiðli færi á að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Það eitt og sér að t.d. fyrirtæki eigi lítið dótturfélag erlendis (sbr. 2. tl.) eða fyrirtæki ákveði að lánin sem það tekur í innlendum banka séu bundin erlendum gjaldmiðli (sbr. 4. tl.) ætti ekki að vera nægt skilyrði fyrir því að fyrirtæki geti samið ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli.

Rétt er að benda á að ársreikningar tveggja fyrirtækja sem gerð eru upp í mismunandi gjaldmiðlum eru algerlega ósambærileg. Mjög óheppilegt getur því verið fyrir íslenskan hlutabréfamarkað ef mörg fyrirtæki á þeim markaði gerðu ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli þar sem reikningsskil annars sambærilegra fyrirtækja væri ósamanburðarhæf.

RSK

Alþingi
Erindi nr. P 127/777
komudagur 19.2.2002

RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK


DAGSETNING
Reykjavík 13. febrúar 2002

TILVÍSUN
2002020079

Efni: Umsögn um 347. mál - Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur

Með bréfi dags. 1. febrúar sl., sendi háttvirt Efnahags- og viðskiptanefnd ríkisskattstjóra til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er lagt til að félögum verði heimilað að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, en jafnframt er gert ráð fyrir að skattstofnar verði áfram í íslenskum krónum. Í reynd er þannig gert ráð fyrir að þeir aðilar sem fá heimild til að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli skuli jafnframt færa bókhaldsbækur í íslenskum krónum. Ríkisskattstjóri hefur farið yfir frumvarpið og hefur ekki athugasemdir við það eins og það er fram sett. Ríkisskattstjóri telur mikilvægt að skattstofnar verði áfram byggðir á bókhaldi í íslenskum krónum eins og frumvarpið raunar gerir ráð fyrir, enda yrði ella um óeðlilega mismunun á milli skattaðila sem vart fengi staðist almenna grundvallarreglu skattaréttar um jafnræði skattaðila.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Bragi Gunnarsson


Guðrún Jenny Jónsdóttir



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsviði Alþingis

150 – REYKJAVÍK

Rvk. 14.2.2002

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 347. mál.

SA fagna framlagningu þessa frumvarps. Efni þess felur í sér framfaraspor sem verður ótvírætt til framdráttar íslensku atvinnulífi. Samtökin hvetja til þess að meginefni þess, heimild til þess að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli, verði lögfest. Samtökin vilja þó gera nokkrar athugasemdir við frumvarpið.

Um 2. gr. Krafa um færslu bókhalds í tveimur gjaldmiðlum.

Í 2. gr. frv. er veitt heimild til að færa fjárhæðir í bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli. Sá böggull fylgir skammrifi að félög sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skulu jafnframt færa bókhald í íslenskum krónum. Í þessu felst óþarfur tvíverknaður. Bókhald í tveimur gjaldmiðlum er óhjákvæmilega mun umfangsmeira og flóknara en í einum og felur þessi krafa í sér mikið óhagræði og kostnað fyrir þau fyrirtæki sem vilja nýta sér þessa heimild.

Rökin sem fram eru færð fyrir þessum tvíverknaði eru einkum skattalegs eðlis, þ.e. að skattstofnar, og þar með skattlagning fyrirtækja með sömu afkomu í íslenskum krónum, verði mismunandi eftir því hvort skattstofninn byggðist á bókhaldi í krónum eða erlendri mynt. Rökin fyrir þessari kröfu eru því að stuðla að jafnræði og koma í veg fyrir mismunun milli fyrirtækja. Þessi jafnræðisrök eru léttvæg. Afkoma og skattgreiðslur fyrirtækja eru mismunandi eftir því í hvaða gjaldmiðlum þau fjármagna sig. Fyrirtæki með sömu afkomu fyrir fjármagnsliði og jafnmiklar skuldir hafa mismunandi hagnað eftir því í hvaða gjaldmiðlum skuldir þeirra eru. Af svipuðum toga er mismunandi afkoma sambærilegra fyrirtækja eftir því hvort þau færa bókhald í krónum eða erlendum gjaldmiðli. Það sem skiptir máli varðandi jafnræði er að leikreglurnar eru ákveðnar fyrirfram og að það er vitað að hverju er gengið. Ákvörðun um færslu bókhalds í erlendri mynt er tekin til langs tíma og ekki er vitað fyrirfram hver niðurstaðan verður. Það getur ýmist verið fyrirtækinu í hag eða óhag, skattalega séð. Niðurstaðan fer eftir því hver gengisþróun krónunnar verður gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Yfir lengra tíma ætti mismunurinn að jafnast út.

Markmið heimildar til færslu bókhalds í erlendri mynt er að komast hjá sveiflum í útkomu fyrirtækja. Það markmið næst ekki með frumvarpinu óbreyttu. Bókhald í tveimur grunneiningum flækir hlutina og sýnir mjög mismunandi niðurstöður eftir gjaldmiðlum. Reikningar fyrirtækis, sem notar erlendan gjaldmiðil sem grunneiningu, í íslenskum krónum sýna ekki raunverulega afkomu.



Frumvarpið er þáttur í þeirri stefnu stjórnvalda að laða að erlenda fjárfesta. Það hlýtur að teljast grundvallarforsenda að þeir geti treyst þeim upplýsingum um skattalegt hagræði sem þeim eru kynntar, t.d. um hlutfall tekjuskatts fyrirtækja. Hlutfall skatta af hagnaði í erlendri mynt verður hins vegar ekki í samræmi við lögbundið skatthlutfall skv. frumvarpinu, vegna þróunar gengis krónunnar gagnvart hinum erlenda uppgjörsgjaldmiðli. Hlutfall álagðs tekjuskatts í erlendri mynt af tekjum í erlendri mynt gæti orðið 8% eitt árið og 28% það næsta, en ekki 18%. Það gæti reynst snúið að skýra það fyrir erlendum fjárfestum. Á þessum galla er ekki tekið í athugasemdum með frumvarpinu. Bættur aðgangur erlendra fjárfesta að reikningum íslenskra fyrirtækja hljóta að vera rök sem vega þungt þegar útfærsla heimildar til færslu bókhalds í erlendri mynt er ákveðin.

Sá vandi sem leysa á með bókhaldi í tveimur gjaldmiðlum snýr fyrst og fremst að tekju- og eignarsköttum. Engin vandamál munu tengjast uppgjöri á virðisaukaskatti og tryggingagjaldi. SA hvetja efnahags- og viðskiptanefnd til að finna einfaldari leið en að skylda fyrirtæki til að færa bókhald í tveimur gjaldmiðlum. Svo virðist sem að ekki sé vilji til að heimila fyrirtækjum að telja tekjur og eignir fram til skatts í erlendri mynt, en það væri einfaldasta lausnin. Að því gefnu að ekki sé vilji til þess þá telja samtökin það vera ásættanlega niðurstöðu að heimila skattskil á grundvelli umreiknings uppgjors í erlendri mynt í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. SA hvetja efnahags- og viðskiptanefnd til þess að gera ofangreindar breytingar við meðferð frumvarpsins.

Um 3. gr. Varðveisla gagna á starfsstöð erlendis í allt að sex mánuði

Í greininni segir að félögum, sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sé heimilt að varðveita bókhaldsgögn á starfsstöð erlendis í allt að sex mánuði. Þessi krafa getur tæpast staðist lög í viðkomandi landi. Rétt er því að fella þetta ákvæði brott úr frumvarpinu.

Um 5. gr. Skilyrði sem uppfylla þarf til að geta sótt um heimild til færslu bókhalds í erlendri mynt

Í greininni eru ýmis flókin og matskennd skilyrði fyrir umræddri heimild. Ljóst er af þeim að þörf myndast fyrir alls kyns utanumhald og eftirlit. Vandséð er að þörf sé fyrir öll þessi þröngu skilyrði þar sem heimildinni fylgir binding af hálfu fyrirtækis við hinn erlenda gjaldmiðil í fimm ár. Lagt er til að skilyrðin verði almenns eðlis, að verulegur hluti viðskipta sé í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/717
komudagur 18.2.2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 15. febrúar 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um bókhald, ársreikninga og skattalög (347. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV í samstarfi við Samtök atvinnulífsins hafa á undanförunum miss-erum hvatt hafa mjög til þess að bæta samkeppnisumhverfi héraðra alþjóðafyrirtækja með því að heimila færslu bókhalds og skattauppgjör í erlendri mynt. Í ljósi þess fagna SBV fram komnu frumvarpi.

Frumvarpið kemur þó ekki nægilega til móts við þau markmið sem að var stefnt. Í fyrsta lagi gerir það ekki ráð fyrir að heimila að talið verði fram til skatts í þeirri mynt sem uppgjör fer fram í. Þá er mælt fyrir um að samhliða uppgjóri í erlendu myntinni verði viðkomandi fyrirtæki að halda bókhald í krónum.

Ljóst er að framangreindar takmarkanir draga verulega úr því hagræði sem heimild til uppgjörs í erlendri mynt annars hefði. Áskilnaður um tvöfalt bókhald er fremur til að flækja, en einfalda, uppgjörsmál þeirra fyrirtækja sem kjósa að nýta sér heimildina. Eðlilegast væri að heimila að telja fram til skatts í þeirri mynt sem uppgjör fer fram í. Ef nefndin telur ekki hægt að stíga það skref til fulls, þarf a.m.k. útfæra leiðir þannig að uppgjorið verði alfarið í erlendu myntinni en vegna skattframtals verði niðurstöðutölur færðar yfir í krónur, annað hvort miðað við gengi í lok reikningsárs eða meðalgengi myntar á því ári.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
frankvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/720
komudagur 18.2.2002

13. febrúar 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt- og eignarskatt.

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 1. febrúar sl., var óskað umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt- og eignarskatt, 347. mál.

Seðlabanki Íslands er sammála meginmarkmiðum frumvarpsins.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið hafa verið tekin í lög nokkurra Norðurlanda ákvæði sem heimila að færa bókhald og semja ársreikninga í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðli viðkomandi lands. Heimildir þessar eru misviðtækar. Nokkuð algengt er að heimilað sé að færa bókhald og semja ársreikning í evru, enda er gert ráð fyrir slíkri heimild í tilskipun 78/660/EBE (fjórðu félagaréttartilskipuninni, 50. gr. a), sbr. 8. gr. tilskipunar 90/604/EBE, sem tekin hefur verið inn í EES samninginn. Ekki kemur fram í athugasemdum við frumvarpið hverjar heimildir annarra EES ríkja eru í þessum efnum. Slíkur samanburður hefði verið gagnlegur.

Í frumvarpinu er lagt til að færsla bókhalds og samning ársreiknings verði heimiluð með ákveðnum skilyrðum í svonefndum starfrækslugjaldmiðli sem skráður sé hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka viðkomandi félags á Íslandi. Að því er varðar fjölda gjaldmiðla verður ekki annað ráðið af frumvarpinu en að tillagan gangi lengra en almennt gerist í löggjöf annarra Norðurlanda. Ekki eru tilgreind sérstök rök fyrir þessu í frumvarpinu. Seðlabanki Íslands telur að takmarka ætti þá gjaldmiðla sem færa má bókhald í við þá sem skráðir eru af Seðlabanka Íslands skv. 7. gr. reglna nr. 742/2000 um gjaldeyrismarkað.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK


SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Það er mat Seðlabanka Íslands að rétt sé að skýra þau skilyrði sem talin eru upp í 5. gr. frumvarpsins fyrir því að félagi verði veitt heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Hugtökin „meginstarfsemi“, „verulegur hluti viðskipta“, „verulegur hluti fjárfestinga og skulda“ og „starfrækslugjaldmiðill samkvæmt góðri reikningsskilavenju“ eru fremur óskýr. Svo virðist sem þar sé gerð krafa um að meira en helmingur af starfsemi, viðskiptum, eignum eða skuldum séu í erlendum gjaldmiðli. Þetta þyrfti að skýra betur í lagatextanum eða í reglugerð.

Seðlabanki Íslands telur að of litla leiðbeiningu sé að finna í frumvarpinu um það hvernig færa skuli bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Fram kemur í 2. gr. frumvarpsins að hjá félögum sem fengið hafi slíka heimild skuli bókhaldsbækur jafnframt vera færðar í íslenskum krónum. Orðalagið bendir til þess að báðar bókhaldsbækurnar skuli uppfylla ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994. Kveða þarf skýrar á um þetta í lagatextanum eða í reglugerð.

Seðlabanki Íslands telur æskilegt að í 6. gr. verði tekin af öll tvímæli varðandi það gengi sem notað skal við umreikning fjárhæða efnahagsreiknings. Að mati bankans ætti að miðað við opinbert skráð viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands, annað hvort sölugengi eða miðgengi.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar



Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/719
komudagur 18.2.2002



ALÞINGI ÍSLENDINGA
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8 – 10,

SKATTRANSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

SEP/eeg/02/0522

13.02.2002

Efni: Umsögn skattransóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál.

Skattransóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn skattransóknarstjóra ríkisins varðandi frumvarp til laga um breyting á lögum um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál, um heimild til að láta færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

u m s ö g n :

1. Frumvarpið er þannig úr garði gert að opnuð er heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt en áfram er gert ráð fyrir að allir skattstofnar verði í íslenskrí mynt. Frumvarpið uppfyllir allar þarfir skattyfirvalda um aðgengi og er því gott samræmi. Skattransóknarstjóri ríkisins gerir engar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.
2. Í frumvarpinu er þess krafist að aðilar sem kjósa að færa bókhald í erlendri mynt þurfa einnig að færa bókhald samhliða í íslenskrí mynt. Þess hefur orðið vart að óánægja hefur verið hjá einhverjum aðilum með það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu m.a. vegna þess að eigi er víst að öll bókhaldsforrit séu þannig úr gerði gerð að unnt sé að færða þannig tvenns konar bókhald nema með breytingum á þeim forritum.
3. Það kann því að vera að ástæða sé til að huga að breytingum að frumvarpinu að þessu leyti. Ef af því verður er rétt að vekja athygli á að ákveðnir liðir hljóta alltaf að verða í íslenskum krónum, svo sem launabókhald, reikningur virðisaukaskatts, staðgreiðsla opinberra gjalda og útskrift reikninga vegna sölu á vöru eða þjónustu til aðila innanlands. Sömu leiðis þarf að huga að því að umreikningurinn í íslenskar krónur er vandmeðfarið atriði þar sem gefa þarf gaum að fjölmörgum álitamálum. Niðurstaða umreiknings þarf ekki að verða sú sama í öllum tilfellum þar ræður aðferð og tímamörk útreiknings miklu.

Virðingarfyllst,



ALÞINGI ÍSLENDINGA
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

SEB/eeg/02/0883

Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál, um heimild til að láta færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

u m s ö g n :

1. Frumvarpið er þannig úr garði gert að opnuð er heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt en áfram er gert ráð fyrir að allir skattstofnar verði í íslenskri mynt. Frumvarpið uppfyllir allar þarfir skattfyrvalda um aðgengi og er því gott samræmi. Skattrannsóknarstjóri ríkisins gerir engar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.
2. Í frumvarpinu er þess krafist að aðilar sem kjósa að færa bókhald í erlendri mynt þurfa einnig að færa bókhald samhliða í íslenskri mynt. Þess hefur orðið vart að óánægja hefur verið hjá einhverjum aðilum með það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu m.a. vegna þess að eigi er víst að öll bókhaldsforrit séu þannig úr garði gerð að unnt sé að færa þannig tvenns konar bókhald nema með breytingum á þeim forritum.
3. Það kann því að vera að ástæða sé til að huga að breytingum að frumvarpinu að þessu leyti. Ef af því verður er rétt að vekja athygli á að ákveðnir liðir hljóta alltaf að verða í íslenskum krónum, svo sem launabókhald, reikningur virðisaukaskatts, staðgreiðsla opinberra gjalda og útskrift reikninga vegna sölu á vöru eða þjónustu til aðila innanlands. Sömuleiðis þarf að huga að því að umreikningurinn í íslenskar krónur er vandmeðfarið atriði þar sem gefa þarf gaum að fjölmörgum álitamálum. Niðurstaða umreiknings þarf ekki að verða sú sama í öllum tilfellum þar ræður aðferð og tímamörk útreiknings miklu.

Virðingarfyllst,

Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2002.

Efni: Frumvarp til laga um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt (347. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarp þetta felur í sér heimild fyrir fyrirtæki til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Með þessu er stigið verulegt framfaraspor enda er ljóst, að fyrir mörg íslensk fyrirtæki, sem starfa í alþjóðlegu umhverfi, getur verulegur ávinningur falist í þessari heimild. Verslunarráð hefur oft vakið máls á mikilvægi breytingar af þessu tagi og einkum nefnt í því sambandi hagsmuni þeirra íslensku fyrirtækja, sem eru með stóran hluta starfsemi sinnar erlendis, og jafnframt þeirra, sem sækjast eftir lánsfé eða fjárfestingum frá erlendum aðilum. Breyting af þessu tagi er til þess fallin að samanburður á fjárhag íslenskra fyrirtækja við erlenda aðila verður auðveldari, unnt er að draga úr áhrifum gengisbreytinga á afkomuna, erlendir fjárfestar og lánastofnanir eiga auðveldara með að átta sig á fjárhagslegri stöðu fyrirtækjanna og greitt er fyrir stofnun dótturfélaga erlendra fyrirtækja hér á landi og dótturfélaga íslenskra fyrirtækja erlendis.

Ganga þarf lengra og koma í veg fyrir tvíverknað

Í ljósi framangreindra sjónarmiða styður Verslunarráð þá stefnu frumvarpsins, að heimila gerð bókhalds og ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum. Verslunarráð telur hins vegar að frumvarpið gangi of skammt, því þar er enn gert ráð fyrir því að fyrirtæki, sem fá heimild til færslu bókhalds í erlendri mynt, þurfi einnig að færa bókhald í íslenskum krónum og skattskil þeirra skuli byggð á því bókhaldi. Er með öðrum orðum gert ráð fyrir að viðkomandi fyrirtæki haldi bókhald í tveimur gjaldmiðlum. Með þessu væri verið að draga umtalsvert úr því hagræði, sem fyrirtækin gætu haft af því að færa bókhald í þeirri mynt, sem þau kjósa, enda leiðir slíkt bæði til tvíverknaðar við færslu bókhaldsins, erfiðleikar geta verið á því tæknilega, t.d. vegna bókhaldskerfa, og jafnframt getur hið tvöfalda bókhald orðið til þess að misræmi verði í niðurstöðum, eftir því við hvorn gjaldmiðilinn er miðað. Þannig er hætta á að skattlagning þeirra fyrirtækja, sem nota erlenda mynt sem grunneiningu í rekstri sínum en þurfa að telja fram miðað við bókhald í krónum, verði í verulegu ósamræmi við hina raunverulegu afkomu.

Samkvæmt almennum athugasemdum við frumvarpið eru helstu rökin fyrir því að krefjast skattskila í íslensku krónum þau, að skattstofnar og þar með skattlagning fyrirtækja með sambærilega afkomu, geti orðið mismunandi eftir því hvort skattlagningin er byggð á bókhaldi í krónum eða erlendri mynt. Þessi tilvísun til jafnræðis milli fyrirtækja stenst ekki nánari skoðun, enda geta margir

aðrir þættir valdið sambærilegum mun á skattlagningu fyrirtækja. Má þar nefna til dæmis þann mismun, sem getur komið fram á afkomu fyrirtækja vegna þess að skuldir þeirra eru í mismunandi gjaldmiðlum. Þannig geta fyrirtæki, sem skila sömu afkomu fyrir fjármagnsliði og skulda jafn mikið, skilað mismiklum skattskyldum hagnaði eftir því í hvaða mynt þau skulda.

Aðalatriðið í þessu sambandi hlýtur að vera, að samræmi sé milli þeirrar afkomu sem fyrirtækin sýna í bókhaldi og ársreikningum og þeirra skatta sem þau þurfa að greiða. Ef fyrirtæki geta valið að færa bókhald sitt í tilteknum erlendum gjaldmiðli og byggja skattskil á sama grunni, eru þau auðvitað að taka ákveðna áhættu. Breytingar á gengi geta leitt til meiri jafnt sem minni skattskylds hagnaðar en ef bókhaldið og skattskilin færu fram í íslenskum krónum. Gengisáhættan er hins vegar almennt minni en ella, ef bókhaldið og skattskilin fara fram í þeim gjaldmiðli, sem mestu skiptir í rekstrinum. Ætla má að til lengri tíma jafnist sveiflurnar út og skattaleg áhrif verði óveruleg. Að mati Verslunarráðs eru því ekki næg rök til þess að krefjast bókhalds og skattskila í íslenskum krónum af þeim fyrirtækjum, sem fá heimild til að færa bókhald og ársreikninga í erlendra mynt. Jafnræðissjónarmiðin, sem koma fram í greinargerðinni með frumvarpinu réttlæta ekki að lagt sé á þau það óhagræði, sem fylgja myndi slíkri tvöfaldri færslu bókhalds.

Athugasemdir við einstakar greinar

2. gr., 3. mgr.

Með hliðsjón af athugasemdum hér að framan leggur Verslunarráð til að ákvæðið falli brott.

5. gr., 2. mgr. b-liðar

Í greininni er gert ráð fyrir að fyrirtæki sé bundið af ákvörðun sinni um gjaldmiðil í a.m.k. 5 ár. Hér er um afar langan tíma að ræða í rekstri fyrirtækis og jafnvel þótt nauðsynlegt sé að hafa stöðugleika í þessum eignum verður ekki séð að nauðsynlegt sé að binda fyrirtækin svona lengi. Leggur Verslunarráð því til að í stað 5 ára verði miðað við 3 ár.

7. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umsóknarfrestur um heimild til að færa bókhald og semja ársreikning vegna ársins 2002 renni út 28. febrúar næstkomandi. Var þetta byggt á því að gildistaka laganna yrði 1. janúar 2002. Til þess að gefa eðlilegan frest er nauðsynlegt að færa umsóknarfrestinn aftur um tvo mánuði, til 30. apríl nk.

8. gr.

Í samræmi við athugasemdir hér að framan er lagt til að ákvæðið falli brott.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,

Birgir Ármannsson.

Alþingi
Erindi nr. P 127/689
komudagur 12. 2. 2002



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

11. febrúar 2002

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 1. febrúar 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,
forstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt, 347. mál.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar býður uppá þann valkost að bókhald og reikningsskil fyrirtækis verði í erlendum reikningseiningum jafnframt því sem skattaleg reikningsskil miðist alfarið við bókhald og reikningsskil í íslenskum krónum. Reikningsskil geta því orðið með tvennum hætti:

- Íslensk skattskil og íslensk reikningsskil, eins og nú er.

Eða:

- Íslensk skattskil og erlend reikningsskil þar sem skattur reiknast skv. íslenskum reikningsskilum.

Með því að bókhald og reikningsskil eru skipuleg skráning fjárhagslegra upplýsinga getur það orðið álitamál hvort reikningseining sú sem notuð er við bókhald og reikningsskil gefi á endanum hina réttu mynd af rekstri fyrirtækisins.

Það er áleitin spurning hvers vegna ekki á að stíga skrefið til fulls og að heimila íslenskum fyrirtækjum að starfa alfarið í erlendum reikningseiningum enda uppfylli fyrirtækin eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru í a. lið 5. gr. frumvarpsins ef stjórnendur fyrirtækis telja að slíkt gefi réttari mynd af rekstri fyrirtækisins og að jafnframt verði reiknings- og skattskil með þeim hætti í a.m.k. tiltekinn árafjöldi.

- Þar sem íslenska uppgjörið er ekki talið gefa rétta mynd af rekstrinum, þá getur það varla orðið grundvöllur eðlilegrar skattlagningar. Með því að heimildarákvæðun er beint til erlendra fyrirtækja, verður erfitt að útskýra fyrir erlendum fjárfestum slíkt ósamræmi sem eðlilegt skattalegt umhverfi.
- Þótt slíkt hafi ekki verið heimilað í nágrannalöndunum er það ekki fullgild ástæða þess að heimila það ekki hér.
- Jafnræðissjónarmið eiga trauðla við þar sem heimildir í 1.- 4 t.l. a. liðar 5. gr. frumvarpsins eru mjög rúmar.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið telur Þjóðhagsstofnun margt mæla með því að íslenskum fyrirtækjum verði heimilað að færa bókhald í erlendum reikningseiningum og að reikningsskil og jafnframt skattskil verði á grundvelli bókhaldsins í erlendu reikningseiningunum og því verði frumvarpinu breytt til samræmis við það, þ.e. ákvæðum um skattskilin.